Samþykkt þann
14. APR. 2021
Byggingarfulltrúinn í Hafnarfirði

# LÝSING ERINDIS

Erindið er til komið vegna breyttrar nýtingar hússins, úr skrifstofum í íbúðarhúsnæði. Húsið var byggt árið 1905, upphaflega var það íbúðarhús en í seinni tíð hefur það hýst skrifstofur. Innra skipulagi hússins verður ekki breytt, en rými fá hlutverk í samræmi við breytta notkun. Húsið er einbýli.

Í kjallara verða geymslur. Á jarðhæð hússins eru aðalinngangur, eldhús, stofa og borðstofa, snyrting, þvottahús og sjónvarpsstofa. Á annari hæð verða svefnhbergi auk snyrtingar og sjónvarpshols.

ÞAK. Þak er gert úr timbursperrum sem hvíla á útveggjum úr timbri. Einangrað með þakull með vindvörn, klætt með borðaklæðningu, þar ofan á kemur þakpappi og bárujárn. Þakhalli er 41 gráða, 30 gráður á kvistum.

ÚTVEGGIR. Útveggir eru úr timbi, og verða einangraðir með steinull og klæddir bárujárni.

SÖKKLAR OG GÓLF. Sökklar eru steinsteyptir, en gólf eru úr timbri. Einangrað er á milli gólfbita með steinull, og klætt undir þau með gipsi.

GLUGGAR. Gluggar verða málaðir timburgluggar í dökkgráum. Tvöfalt K-gler er í gluggum og 14mm loftbil. Lýsing á gluggum á líka við um frágang á útidyrum. Bréfalúga við útidyr verður í 1.0m hæð frá gólfi.

STIGAR OG HANDRIÐ. Innihandrið verða 1.1m há timburhandrið. Frágangur stiga og handriða verði í samræmi við kröfur byggingarreglugerðar.

INNVEGGIR. Innveggir eru timburveggir, ýmist hlaðnir úr 75mm bjálkum og klæddir gipsi (burðarveggir) eða úr timburgrind með steinullarklæðningu og klæddri gipsi.

LAGNALEIÐIR OG NIÐURFÖLL. Veggofnar eru í öllu húsinu. Inntök veitna í samráði við viðkomandi veitustofnanir. Koma skal fyrir gegnumstreymisniðurföllum í öllum votrýmum íbúða, þ.e. snyrtingum og þvottahúsum.

LOFTRÆSTING RÝMA. Öll rými íbúða skulu loftræst í samræmi við gr.10.2.5 í byggingarreglugerð. Loftræsting skal henta viðkomandi rými þannig að magn ferkslofts sé fullnægjandi til að komið sé í veg fyrir lyktarmengun og rakamettun útilofts. Útsog skal vera í eldhúsum, baðherbergjum, snyrtingum, þvottaherbergjum, stökum geymslum og kjallaraherbergjum. Útsog frá eldhúsi, salernum og þvottahúsi má ekki draga gegnum önnur rými hússins.

BRUNAVARNIR. Flóttaleiðir úr kjallara verða um inngang á vestur-horni og um stiga upp á miðhæð sem er stutt frá bakinngangi. Á miðhæð verða flóttaleiðir um aðalinngang annars vegar og bakinngang hins vegar. Á 2.hæð eru flóttaleiðir annars vegar um svalir á NV-hlið hússins, og hins verðar verður komið fyrir fellistiga við björgunarop á SA-hlið hússins. Í hverju svefnherbergi verða samþykkt björgunarop. Koma skal fyrir reykskynjurum skv. grunnmynd. Þrjú slökkvitæki verða í húsinu, eitt á hverri hæð. Brunaviðvörunarkerfi tengt stjórnstöð verður í húsinu. Gólf í húsinu eru timburgólf, en á milli gólfbita verður einangrað með steinull og klætt undir með gipsi. Innveggir eru ýmist hlaðnir úr gegnheilum bjálkum og klæddir með gipsi (burðarveggir) eða úr timburgrind með steinull og gipsklæðningu. Frágangur í veggjum og á plötuskilum verður þannig að eldur dreyfist ekki inni í veggjunum og að brunamótstaða sé sem næst EI-60.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða. 2 sorptunnur úr plasti verða áfram í skýli í austur-horni lóðar, en samkomulag er við íbúa nærliggjandi húss að sorphirða fyrir bæði húsin sé um þeirra lóð. Hlið er í vegg á milli húsanna.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

MATSHLUTI 1 - ÍBÚÐARHÚS
Heildarflatarmál / birt flatarmál: 285,4m2
Heildarrúmmál: 817,0m3
Skiptarrúmmál: 561,945m3

Lóðarstærð er 337,7,1m2, nýtingarhlutfall=0,84

**Skráningartafla:** Strandgata 25, Hafnarfirði - íbúðarhús
**Landnúmer:** 122404
**Matshlutanúmer:** 01
Útgáfa: 4.01b
**Skrásetjari:** Kári Eiríksson
**Kennitala:** 070365-4059
**Dags.:** 3.2.2021

| Uppskipting og lýsing | | | | | Stærðir | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| D0 Lokun | D1 Rými hæð-röð | D2 Notkun texti | D3 Höfuð-flokkun | D4 Eignar-hald | D5 Botnflötur m² | D5M Milliflötur m² | D6 Stigar m² | D7 Op m² | D8 Brúttóflötur m² | D9 Brúttóflötur sh < 1,8 | D10a Salarhæð min | D10b Salarhæð max | D11 Brúttó rúmmál m³ | D12 Nettóflötur m² | D16 Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | D17 Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 397,2 | 0,0 | 3,0 | 3,6 | 393,6 | 108,2 | | | 817,0 | 244,3 | 285,4 | | 568,745 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 25,8 | | | | |
| | 00 | **Kjallari** | | | 53,6 | 0,0 | 0,8 | 0,0 | 53,6 | 0,0 | | | 120,6 | 44,5 | 53,6 | | |
| A | 0001 | **Geymslur** | N | 0101 | 53,6 | | 0,8 | | 53,6 | | 2,20 | 2,30 | 120,6 | 44,5 | 53,6 | 2,25 | 100,125 |
| | 01 | **1.hæð** | | | 128,9 | 0,0 | 2,2 | 1,8 | 127,1 | 0,0 | | | 340,3 | 108,6 | 127,1 | | |
| A | 0101 | **Íbúð** | N | 0101 | 128,9 | | 2,2 | 1,8 | 127,1 | | 2,64 | 2,64 | 340,3 | 108,6 | 127,1 | 2,64 | 286,704 |
| | 02 | **2.hæð** | | | 214,7 | 0,0 | 0,0 | 1,8 | 212,9 | 108,2 | | | 330,3 | 91,2 | 104,7 | | |
| A | 0201 | **Íbúð** | N | 0101 | 124,8 | | | 1,8 | 123,0 | 24,2 | 0,45 | 2,64 | 248,1 | 85,3 | 98,8 | 1,99 | 169,747 |
| A | 0202 | **Ris** | N | 0101 | 89,9 | | | | 89,9 | 84,0 | 0,00 | 2,10 | 82,2 | 5,9 | 5,9 | 0,91 | 5,369 |
| C | 0203 | **Svalir** | S | 0101 | 6,8 | | | | 6,8 | | | | | | | 1,00 | 6,800 |

**Athugasemdir**

1. Reiknað er með að þykkt veggja + einangrunar sé 250mm
2. Reiknað er með að þykkt þaks með einangrun sé 300mm

**Sameignir sumra**

**Eignarhald**

| Eignar-hald | Notkun texti | Birt flatarmál m² | Skiptarúmmál Séreign m³ | Skiptarúmmál Séreign og sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Íbúð** | 285,4 | 568,745 | 568,745 |
| | **Alls** | 285,4 | 568,745 | 568,745 |

**Skráningartafla:** Strandgata 25, Hafnarfirði - íbúðarhús
**Landnúmer:** 122404
**Matshlutanúmer:** 01
Útgáfa: 4.01b
**Skrásetjari:** Kári Eiríksson
**Kennitala:** 070365-4059
**Dags.:** 3.2.2021

| | Botnplata | | Hjúpfletir | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Botnplata m³ | Botnplata m² | Útveggir m² | Þar af: Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þar af: Þakgluggar og þakop m² |
| **Matshluti** | 25,8 | 128,9 | 287,2 | 45,2 | 197,9 | 0,0 |

| Yfirlit | Innan hæða A | Utan hæða A | B | C | Alls |
|---|---|---|---|---|---|
| **Botnflötur / m²** | 397,2 | | | 6,8 | 404,0 |
| **Brúttóflötur / m²** | 393,6 | | | 6,8 | 400,4 |
| **Brúttórúmmál / m³** | 817,0 | | | | 817,0 |
| **Nettóflötur / m²** | 244,3 | | | | 244,3 |
| **Birt flatarmál / m²** | 285,4 | | | | 285,4 |
| **Skiptarúmmál / m³** | 561,945 | | | 6,800 | 568,745 |

| útg. | dags. | skýring | teiknað | yfirfarið |
|---|---|---|---|---|

EINBÝLISHÚS
heimilisfang: STRANDGATA 25 - F2079452
sveitarfélag: HAFNARFIRÐI
verkhluti: AÐALUPPDRÁTTUR
skýringartexti: skráningartafla, byggingarlýsing

| verknúmer | landnúmer | staðgreinir |
|---|---|---|
| 21/01 | L122404 | 1400-1-84000250 |

| teiknað | yfirfarið | kvarði | dags. |
|---|---|---|---|
| KE | KE | 1:x | 03-02-2021 |

teikning nr. A-203
útgáfa/breyting

AOK ARKITEKTAR

arkitekt / hönnunarstjóri: Kári Eiríksson, arkitekt, kt: 070365-4059

AOK - Gunnarssundi 5 - 220 Hafnarfjörður - kt: 480318-1610
sími: 699-0999 - email: aok@aok.is - www.aok.is

A2

ATH! Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð.
Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum.
Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar.